

Sundlaugar

Sundlaugarnar verða opnar.

- Það þarf að fækka skápum sem eru í notkun til að ná tveimur metrum á milli, takmörkuð nýting á handklæðarekkum, takmörkuð nýting á sturtum.
- Búast má við fjölgun heimsókna frá börnum vegna skerðingar á skóla og frístundastarfi. Starfsfólk sundstaða getur ekki tekið á málum barna sem koma upp án forráðamanna.
- Sundæfingar verði ekki leyfðar til 23. mars samanber tilmæli ÍSÍ. Síðan þyrfti að tryggja litla hópa sem mæta í einu til þess að koma í veg fyrir að of margir mætist í búningsklefum, auk þess sem hver sundmaður yrði að vera með sér braut.
- Sundleikfimi eldri borgara verður felld niður.
- Aukin þrif, starfsmenn þurfa að spritta og þrífa alla snertifleti á a.m.k. klukkustundar fresti – bekkir, borð, skápar, lyklar, sápuskammtarar, salerni, vaskar, hárpurrkur o.s.frv. Þetta verður ekki leyst að öllu leyti af starfsfólki sem er að sinna hefðbundnum störfum samkvæmt reglugerð.
- Höfða verður til skynsemi gesta varðandi nánd og 2m regluna í búningsklefum, sturtum og pottum.

Það sem yrði alltaf lokað væru: rennibrautir, gufuböð og jafnvel pottarnir og í einhverjum sundlaugum þarf að loka tveimur af þremur klefum þar sem starfsmenn geta ekki sinnt/þrifið marga klefa í einu (allt upp í sjö klefar í sumum laugum)

Ákvarðanir varðandi opnun sundlauganna verða endurskoðar hverju sinni.

Fjölskyldugarður

Fjölskyldugarðurinn verður opinn eins og fyrr. Lokað verður í veitingasölu en boðið upp á nestisaðstöðu og snyrtingar.

Þarf að skoða svæðin innan garðsins og meta hversu margir geta verið þar með 2ja metra bil á milli allra sem ekki koma þangað saman. Þarf að fækka eins og

hægt er snertiflötum sem margir koma við, getur þá þurft að loka ákveðnum svæðum/atburðum.

Skíðalyftur í hverfum

Lyfturnar verða opnar þegar veður og færð leyfir.

En með áminningum til fólks um að reyna að hafa bil á milli í röðum eða jafnvel setja einhver takmörk á fjölda sem lyftur ráða vel við. Starfsfólk sem aðstoðar í lyftum þarf líka að líða vel í vinnunni, ef þeim fer að finnast óþægilegt að hjálpa hóstandi krökkum á fætur þarf að loka. Getur svo verið að verði bannað (útisamkomur) en látum á það reyna.

Skíðasvæði

Skíðasvæðin opin þegar veður og færð leyfir.

Skíðaleiga og veitingasala verður þó lokað en boðið upp á nestisaðstöðu og snyrtingar. Ekki verður opið fyrir skólahópa.

Skíðabrekkurnar sjálfar eru ekki vandamál. Það eru lyfturaðirnar, stólarnir í lyftunum, skálarnir, veitingasalan og sérstaklega salernisaðstaðan sem þarf þá að þrifa mörgum sinnum á dag ef á að hafa opið, að lágmarki á klukkutíma fresti. Gestir verða hvattir til að reyna að hafa bil á milli í röðum og einhverjar takmarkanir verða á þeim fjölda sem fer í lyftur. Það þarf að reikna út hvað getur verið margt fólk á svæðinu án þess að myndist raðir/troðningur og hafa hreinlega talningu. Varðandi lyftuaðstoð: Öryggisins vegna þarf að sinna þessu þrátt fyrir að nánd við ókunnuga verði óhjákvæmileg. Rætt verði við starfsfólk, þegar þeim hættir að standa á sama eða mælt sérstaklega gegn fjölmenni utandyra þá þarf að hætta því að hafa svæðið opið. Varðandi stólalyfturnar þarf að tryggja 2m fjarlægðarregluna.

Starfsfólk sem aðstoðar í lyftum þarf líka að líða vel í vinnunni, ef þeim fer að finnast óþægilegt að hjálpa skíðafólki á fætur þá þarf að endurskoða opnun.

Ylströnd

Ylströndin verður lokað. Þar er aðeins einn pottur og þröngir búningsklefar og því ekki hægt að tryggja 2m reglu.

Íþróttahús skólanna.

Ekki verður opið í íþróttahúsum meðan samkomubann gildir.

Skautahöllin Laugardal

Ekki verður opið fyrir almenning en reynt verður að skipuleggja æfingar í samræmi við leiðbeiningar.

Íþróttafélög

Íþróttafélögin geta útfært æfingar í sínum mannvirkjum í samræmi við leiðbeiningar frá yfirvöldum en mælt er til þess að fylgja tilmælum ÍSÍ/UMFÍ um að nota vikuna til að vinna að þessu.

Frístund fatlaðra framhaldsskólanema.

Starfsemi fellur niður – nánari útfærsla síðar.